

Nr. 17-055 S 038 Sæfugl ÍS 879**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6962
Útgerð: Fitjar ehf
Smíðaður: Hafnarfjörður 1987, plast
Stærð: 9,23 brl. 9,43 bt.
Mesta lengd: 10,22 m Skráð lengd: 10,07 m
Breidd: 3,0 m Dýpt: 1,61 m
Vél: Cummins 187 kW, 1996
Fjöldi skipverja: 1



Gögn:
Gögn RNSA

Sæfugl©Árni S Sigurðsson

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2017 var Sæfugl ÍS 879 á strandveiðum út af Fljótavík á Hornströndum. Veður: NA 4,7 m/s, kennialda 2,1 m við Straumnes.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og rak í átt að Straumnesi. Óskað var eftir aðstoð og björgunarbáturinn Gísli Hjaltason dró Sæfugl til hafnar á Ísafirði.

Við rannsókn kom fram:

- að hleðslustýringin fyrir ræsirafgeyma bilaði og rafmagnið rann út af þeim;
- að með sama rekhraða átti báturinn ekki nema 20-30 mínútur í fjöruna þegar hann var tekinn í tog;
- að Vaktstöð siglinga (VSS) átti erfitt með að staðsetja bátinn. Báturinn hafði fallið út úr ferilvöktun þar sem hann var kominn svo grunnt undan Straumnesi. Skipverjinn gat komið upplýsingum um staðsetningu til VSS á rás 16;
- að AIS tækið um borð í bátinum var af B gerð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.